



Könnun meðal rekstraraðila í Göngugötunni

Um könnunina

Könnun unnin fyrir Akureyrarbæ til að kanna hug rekstraraðila til lokunar fyrir umferð vélknúinna ökutækja í Göngugötu


Akureyrarbær annaðist útsendingu könnunarinnar og RHA sá um úrvinnslu. Könnunin stóð yfir 25. október til 26. nóvember 2024

Könnunin var send á 52 rekstraraðila í Göngugötunni og bárust 15 svör

Í júní, júlí og ágúst var Göngugatan (hluti Hafnarstrætis) lokuð fyrir umferð vélknúinna farartækja alla daga vikunnar. Aðgengi fyrir P-merkta bíla og ökutæki viðbragðsaðila var þó tryggt.

Hversu vel eða illa hugnaðist þér fyrirkomulagið í sumar?


	Fjöldi	%
Mjög vel	5	33,3
Frekar vel	1	6,7
Hvorki vel né illa	6	40,0
Frekar illa	2	13,3
Mjög illa	1	6,7
Fjöldi svara	15	100,0



Í júní, júlí og ágúst var Göngugatan (hluti Hafnarstrætis) lokuð fyrir umferð vélknúinna farartækja alla daga vikunnar. Aðgengi fyrir P-merkta bíla og ökutæki viðbragðsaðila var þó tryggt.

Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif hafði fyrirkomulagið á rekstur þíns fyrirtækis/stofnunar?


	Fjöldi	%
Mjög jákvæð	2	13,3
Frekar jákvæð	2	13,3
Hvorki jákvæð né neikvæð	5	33,3
Frekar neikvæð	3	20,0
Mjög neikvæð	1	6,7
Hafði engin áhrif	2	13,3
Fjöldi svara	15	100,0



Í júní, júlí og ágúst var Göngugatan (hluti Hafnarstrætis) lokuð fyrir umferð vélknúinna farartækja alla daga vikunnar. Aðgengi fyrir P-merкта bíla og ökutæki viðbragðsaðila var þó tryggt.

Hvernig vilt þú sjá fyrirkomulagið næsta sumar?

	Fjöldi	%
Enga lokun	2	13,3
Stytta tímabil lokunar	4	26,7
Óbreytt fyrirkomulag	4	26,7
Lengja tímabil lokunar	3	20,0
Tóku afstöðu	13	86,7
Tóku ekki afstöðu	2	13,3
Fjöldi svara	15	100,0



Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi fyrirkomulag götulokana/umferðar í göngugötu?

- Akureyri er mjög norðarlega, því geta sumrin verið mjög köld eins og sumarið 2024. Bið um að það sé tekið tillit til veðurs.
- Heft aðgengi er mjög slæmt fyrir fyrirtækið mitt!!!
- Má lengja um hálfan mánuð, fyrir og eftir.
- Mér finnst tímabilið of langt, þetta mætti vera frá 15. júní og til 10. ágúst.
- Mætti vera alfarið lokað alla daga ársins, með undanþágu fyrir fatlaða, viðbragðsaðila og lestanir fyrirtækja á svæðinu (e.t.v. á ákveðnum tímum, t.d. fyrir kl. 10). Það ætti ekki að vera leyft að rúnta þarna í gegn að óþörfu með tilheyrandi mengun og slyshættu.
- Þetta varðar ekki lokun göngugötu, heldur reglulegar lokanir á gilinu sem er oft lokað alveg uppi við sundlaug, þessar lokanir trufla verulega. Ef þörf eða ástæða er til að loka gilinu þá er í lagi að loka gilinu en að loka af alveg uppi við sundlaug er alls ekki forsvaranlegt, því fólk ekur ekki aðeins um þær götur til að fara í gilið, heldur einnig til að komast í aðrar nálægar götur eða að kirkjunni. Þá verða þessar lokanir marklausar ef engin ástæða eða tilgangur er með þeim, enda sé ég fólk margoft keyra framhjá þessum skiltum því það er að fara annað en í gilið, sem verður til þess að fólk hættir að taka mark á lokunum sem getur valdið hættu.

Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi fyrirkomulag götulokana/umferðar í göngugötu?

- Aðgengi fyrir P-merkta bíla og ökutæki viðbragðsaðila var alls ekki tryggt. Við hjá XXXX, XXXX, þjónum hópi fólks sem glímur við ýmsar skerðingar. Okkur bárust ítrekaðar kvartanir yfir því að ekki væri hægt að keyra inn Hafnarstrætið úr suðri sl. sumar. Í nokkrum tilvikum var því lýst að fólk þyrfti að fara út úr bílnum og færa til hindranir til að geta keyrt inn götuna, en oftast en ekki hafði fólk ekki heilsu til þess. Þá komu upp tilvik þar sem ekki var hægt að keyra að húsnæði XXXX með aðföng vegna hindrana. Þá ítrekum við hér enn og aftur beiðni um að færa gula rammann. Hávaði frá fólki sem þar staldrar mikið við berst inn um glugga á jarðhæð inn á skrifstofur starfsfólks sem bæði er að einbeita sér að vinnu sinni og að taka samtöl við viðkvæman hóp fólks, veikt fólk, öryrkja og eldri borgara. Tekið skal fram að ekkert ónæði starfar frá ferðafólki sem gaumgæfir bæjarkort á sama stað. Þó vel hafi verið tekið vel í óskir XXXX á liðnum misserum hafa efndir ekki fylgt orðum. Við styðjum líf og uppákomur miðbænum en það hlýtur að vera hægt að finna rammanum pláss lengra frá húsinu, jafnvel fyrir utan verslanir þar sem eigendur myndu fagna því. Svo langt er síðan XXXX setti fyrst fram umrædda ósk að erfitt er að draga aðra ályktun en að í raun sé verið að hunsa óskina.